

Stjórn Foreldrafélags Dalvíkurskóla leggur fram skýrslu sína fyrir árið 2025. Á árinu hefur stjórnin unnið að því að styðja skólastarfið, efla velferð nemenda og styrkja tengsl heimila og skóla, í samræmi við hlutverk foreldrafélaga samkvæmt grunnskólalögum. Í stjórn Foreldrafélagsins sátu á árinu Friðjón Árni Sigurvinsson, Kristín Heiða Halldórsdóttir, Nimnual Khakhleng, Ragnhildur Lára Weissappel og Anna Barbara Florczak.

Á vorönn voru keypt og afhent formlega 60 JBL heyrnartól sem nýtast nemendum í náminu og bæta aðgengi að stafrænu og einstaklingsmiðuðu námi. Einnig var keypt snjallsjónvarp upp á 470 þúsund krónur sem á eftir að afhenda formlega. Sjónvarpið mun koma sér vel í skólastarfinu þegar það verður tekið í notkun. Í marsmánuði var boðið upp á fræðslu fyrir foreldra og forráðamenn þegar tilfinningarráðgjafinn Aðalheiður Sigurðardóttir frá Ég ER UNIK hélt fyrirlestur um hvað liggja á baki tilfinningaviðbragða bæði barna og fullorðna, í Menningarhúsinu Bergi. Var fyrirlesturinn vel sóttur og heppnaðist afar vel.

Á haustdögum tóku foreldrar og forráðamenn virkan þátt í vinnu við foreldrasáttmála skólans. Sú vinna heppnaðist mjög vel og vonar stjórnin að sáttmálinn verði bæði börnum og heimilum þeirra til hagsbóta.

Í skoðun eru nú möguleg kaup á privíddarprenturum.

Stjórnin hefur ákveðið að hækka ekki gjald foreldrafélagsins og helst það áfram 2.000 krónur fyrir árið. Vel hefur gengið að innheimta gjaldið. Staða reiknings 607.010 kr,-

Samkvæmt grunnskólalögum er hlutverk foreldrafélaga að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Foreldrafélög setja sér starfsreglur, meðal annars um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð.

Til að tryggja áfram öflugt starf foreldrafélagsins óskum við nú eftir nýjum einstaklingum til að bætast í stjórn. Friðjón Árni Sigurvinsson og Nimnual Khakhleng láta af störfum og því biðjum við foreldra og forráðamenn sem hafa áhuga á að taka þátt í starfinu að bjóða sig fram í þeirra stað.

Stjórnin vill að lokum þakka starfsfólki Dalvíkurskóla, foreldrum, forráðamönnum og öllum þeim sem hafa stutt starfsemi foreldrafélagsins á árinu 2025. Samstarfið hefur reynst gott og mikilvægt fyrir velferð nemenda og skólasamfélagið í heild.